
Veiðimálastofnun

Yfirlit um starfsemi 2006

Efnisyfirlit

Starfsemi Veiðimálastofnunar 2006.....	1
Fjármál Veiðimálastofnunar 2006	3
Veiðin 2006 og veiðihorfur fyrir sumarið 2007	3
<i>Veiðin 2006</i>	3
<i>Veiðihorfur 2007</i>	5
Flutningur Veiðimálastofnunar á Keldnaholt	6
<i>Uppbygging á rannsóknaraðstöðu Veiðimálastofnunar</i>	7
Nýbúar í ferskvatni á Íslandi.....	8
<i>Sæsteinsuga (Petromyzon marinus)</i>	8
<i>Flundra (Platichthys flesus)</i>	9
<i>Vatnaflóki (Didymosphenia geminata)</i>	10
Námsverkefni	11
Birtingar og kynningar starfsmanna Veiðimálastofnunar	14
Ritaskrá 2006	15
Hluti veggspjalda ársins 2006.....	22
Starfsfólk Veiðimálastofnunar mars 2007	28
Starfsmannafélag Veiðimálastofnunar SVEIM.....	30

Starfsemi Veiðimálastofnunar 2006

Ný löggjöf

Óhætt er að segja að löggjöf hér á landi um veiði í ám og vötnum hafi verið framsýn og stuðlað að því að veiðinýting hér á landi er í senn arðbær og ekki hefur verið gengið á auðlindina. Öll lög þarfnast hins vegar endurskoðunar með tíð og tíma. Ný lög um veiðimálin voru samþykkt á Alþingi og tóku gildi þann 1. júlí 2006. Þetta eru lög um lax- og silungsveiði, lög um fiskrækt, lög um eldi vatnafiska, lög um varnir gegn fisksjúkdómum og lög um Veiðimálastofnun. Þessi lög komu í stað laga um lax- og silungsveiði sem voru að stofni til frá 1932 með endurskoðun frá 1957 og 1970 auk seinni tíma breytinga á einstaka ákvæðum. Þessar breytingar sem gerðar voru í fyrra eru mjög til bóta fyrir starfsemi á þessu sviði. Nýju lögín eru skýrari og einfaldari. Til bóta er að hafa sérlög um ákveðna málaflokka fremur en einn stóran lagabálk eins og áður var. Nánar er kveðið á um starfsemi Veiðimálastofnunar en áður var og gerir það starfið markvissara. Hlutverk stofnunarinnar er betur skilgreint og víðara, á hún nú meðal annars að rannsaka allt lífríki ferskvatna. Þá eru ákvarðanir færðar í auknum mæli til veiðifélaga sem um leið þurfa að axla meiri ábyrgð hvað varðar nýtingu, verndun og viðhald fiskstofna á sínum félagssvæðum. Stjórnýsla er nú nær öll hjá Landbúnaðarstofnun en rannsóknir og fagleg umfjöllun hjá Veiðimálastofnun. Stofnuninni er ætlað að gefa umsagnir um veigamikil atriði eins og nýtingaráætlanir og fiskræktaráætlanir veiðifélaga. Mikilvægt er að þessar stofnanir vinni vel saman til að tryggja öruggt starf á sviði veiðimála. Veiðiskráning er dæmi um slíkt verkefni sem og samskipti við erlendar alþjóðlegar stofnanir á þessu sviði eins og Alþjóða hafrannsóknaráðið (ICES) og Alþjóða laxaverndunarstofnunina (NASCO).

Laxveiðin 2006

Laxveiði var áfram góð á landinu sumarið 2006 og var vel yfir meðalveiði. Veiðin varð samt minni en sumarið 2005 en þá var metveiði. Nokkrar ár voru með metveiði sumarið 2006 en nánar er gerð grein fyrir veiðinni í sérkafla hér á eftir.

Uppistaðan í veiðinni var smálax (lax sem er 1 ár í sjó) en enn vantar stórlega upp á að stórlax (lax sem er 2 ár í sjó) sé í þeim mæli sem áður var. Þessi fækkun stafar af háum afföllum lax á öðru ári í sjó. Er þessi fækkun á stórlaxi farin að hafa veruleg áhrif. Stórlax

kemur að jafnaði fyrr í árnar. Veiðitími byrjar nú síðar en áður var og sá veiðitími er orðinn verðminni vegna minni laxgengdar snemmsumars. Mest eru áhrifin í ám þar sem stórlax var áður stór hluti laxagöngunnar og veiðinnar. Þá er vert að hafa áhyggjur af líffræðilegum þáttum. Þarna er ákveðinn erfðapáttur í laxastofnum, sem er mjög mikilvægt að varðveita. Þá hefur þetta veruleg áhrif á hrygningu í ánum þar sem stór hluti hrygna í sumum ám er stórlax. Fækkun þeirra veldur því að minni hrygning verður í ánum. Hrygningin má ekki fara niður fyrir þau mörk að stofninn viðhaldi sér. Veiðimálastofnun, ásamt landsamtökum stangveiðimanna og veiðifélaga, hefur nú í nokkur ár hvatt veiðimenn að hlífa stórlaxi og sleppa slíkum laxi sem veiðist aftur. Þetta hefur haft sín áhrif og á síðasta ári var um 34 % veiddra stórlaxa sleppt. En betur má ef duga skal. Að okkar mati þarf að grípa til viðtækari aðgerða, t.d. seinkun veiðitíma, friðun ákveðinna stórlaxasvæða og bann við að drepa stórlax. Best fer á því að menn leiti leiða hver á sínu svæði til að vernda stórlaxinn á meðan svona er ástatt. Ef stórlaxinn tapast þá er ljóst að stórkostlegt tjón yrði í mörgum íslenskum veiðiám. Það þarf því raunhæfar aðgerðir sem virka til að vernda stórlaxinn. Hafa sum veiðifélög og leigutakar þegar gripið til rötækra friðunaraðgerða. Fara þarf sérstaklega yfir nýtingaráætlanir veiðifélaga með þessa þætti í huga.

Sjávardvöl laxins

Þekking á laxi í ferskvatni er orðin mjög góð. Þekking á lífsferli laxins í sjó er minni. Mjög kostnaðarsamt er að rannsaka lax í sjó með beinum hætti, þar sem rannsóknartími skipa er mjög dýr. Miklar breytingar hafa orðið á endurheimtum laxa í sjó, og mikil afföll stórlax valda miklum áhyggjum. Það er því mjög brýnt að bæta þekkingu á þessu sviði og hafa alþjóða stofnanir hvatt til þessa, svo sem Alþjóða hafrannsóknarráðið (ICES) og Alþjóða laxaverndunarstofnunin (NASCO). Veiðimálastofnun hefur á síðustu árum aukið áherslur á rannsóknir á laxi í sjó og fóru nokkur verkefni af stað. Vorið 2005 hófst afar metnaðarfullt verkefni eftir nokkurra ára undirbúning. Sleppt var mælimerktum laxaseiðum og skiluðu fyrstu fimm laxarnir sér til baka sem fullorðinn lax, síðasta sumar. Merkin koma frá fyrirtækinu Stjörnu Odda og er um nýja þróun að ræða. Merkin mæla og skrá hita og dýpi í sífellu. Þar sem lax er uppsjávarfiskur er unnt að nýta gögn um yfirborðshita sjávar meðal annars frá gervitunglum. Þannig er hægt að rekja far laxins í hafinu í fyrsta skipti. Þarna er stofnunin í farabroddi í

rannsóknnum sínum. Það að vita hvar og við hvaða skilyrði laxinn dvelur á hverjum tíma er forsenda þess að vita hvað ræður afkomu hans í hafinu. Rannsóknarvettvangur þessa verkefnis er í Kiðafellsá í Kjós þar sem seiðunum var sleppt og tekið er á móti laxinum. Þarna hefur stofnunin leigt sér aðstöðu til nokkurra ára. Slíkt verkefni kostar mikla fjármuni og í ráði er einnig að sækja um fjármagn í erlenda rannsóknarsjóði til þessa verkefna.

Rannsóknir á vatnalífi

Veiðimálastofnun hefur á síðustu árum aukið áherslur sínar á að rannsaka allt vatnalíf enda mikil þörf á slíkum rannsóknum. Þetta hlutverk er nú komið í lög um stofnunina. Þá hefur stofnunin stórbætt rannsóknaraðstöðu sína og tækjakost til að takast á við þessi verkefni. Nokkur verkefni stofnunarinnar sýna þessar áherslur og má þar sérstaklega nefna rannsóknarverkefnið *Vistfræði tjarna og smávatna*, sem Rannís styrkir.

60 ára afmæli

Ársfundur stofnunarinnar var haldinn þann 19. apríl á Hótel Loftleiðum. Fundurinn var sérstaklega helgaður 60 ára afmæli stofnunarinnar og fór vel fram og mæting var góð. Á fundinum var tekin í notkun ný og glæsileg heimasíða sem auðveldar alla upplýsingagjöf stofnunarinnar.

Flutningur á Keldnaholt

Á vordögum flutti stofnunin frá Vagnhöfða 7, þar sem hún var í rúman áratug, í húsnaði á Keldnaholti. Þar leigir stofnunin nú húsnaði af Landbúnaðarháskóla Íslands. Þar er starfsfólk stofnunarinnar í góðu sambýli með vísindafólki landbúnaðarháskólans en auk þess fæst að mörgu leyti betri aðstaða en áður var. Flutningurinn mun því efalaust styrkja starf stofnunarinnar. Húsið þarfnast hins vegar endurbóta sem ráðist verður í, en Fasteignir ríkisins tóku nýverið við rekstri húsnaðisins.

Auðlindir ferskvatns

Veiðimálastofnun er treyst fyrir afar mikilvægum málaflokki. Stangveiði í ám og vötnum landsins er grundvöllur mikilvægrar atvinnugreinar sem hefur mikil efnahagsleg áhrif í samfélaginu, sem áætlað er að séu nú rúmir 11 milljarðar. Þar af eru hátt á annan milljarð í beinar tekjur til veiðifélaga. Nýting veiðihlunninda er því ein af stærstu búgreinum landsins. Um 1.200 ársstörf eru til komin vegna stangveiði og til dæmis eru meira en 50 % af

atvinnutekjum fólks í landbúnaði á Vesturlandi vegna stangveiði. Um 70.000 fullorðnir Íslendingar stunda stangveiði hér á landi eða um 1/3 þjóðarinnar.

Silungsveiði

Silungsveiði nýtur vaxandi vinsælda. Urriðaveiði var góð 2006, en áframhaldandi samdráttur varð í bleikjuveiði, sérstaklega í sjóbleikju. Svo virðist sem bleikja sé að láta undan síga víða. Bleikja er norræn tegund og hlýnandi veðurfar gæti haft neikvæð áhrif á bleikju á suðurmörkum útbreiðslu hennar. Þetta er vert að rannsaka mun betur.

Aukin verðmæti silungsveiða

Miklir möguleikar eru á að auka tekjur veiðiréttarhafa og opna veiðimöguleika fyrir fleiri veiðimenn með bættri nýtingu silungsáa og vatna. Gera þarf átak til að hraða þessari þróun en með samstilltu átaki mætti ná upp undir jafn miklum tekjum af silungsveiðum eins og af náttúrulegum laxi. Liggur beint við að nýta sömu aðferðir og reynst hafa vel við nýtingu laxveiðiáa.

Fiskeldi

Fiskeldi á ferskvatnsfiskum skapar mikil verðmæti og tugi starfa. Dregið hefur úr laxeldi hér á landi enda eru aðstæður til þess erfiðar samanborið við það sem gerist í samkeppnislöndunum. Aukið eldi á bleikju virðist vera arðvænlegt og aðstæður til þess betri en víðast hvar annars staðar. Bleikjueldi mun því aukast verulega á komandi árum. Því þarf sérstaklega að huga vel að markaðs- og sölumálum á bleikju.

Sérstaða íslenskra áa og vatna og varasamur innflutningur lagardýra

Mikil verðmæti eru fólgin í náttúrfari ferskvatns hér á landi beint og óbeint. Hér á landi eru fáar tegundir vatnalífvera í fjölbreytilegu umhverfi. Vistkerfi hér á landi í fersku vatni eru því mjög sérstök. Margar fleiri tegundir ferskvatnslífvera gætu þrífist hér ef þau myndu komast hingað. Það er verulegt áhyggjuefni að hingað til lands eru fluttar lífverur sem vel gætu þrífist hér á landi og valdið ómældu tjóni á íslenskum vistkerfum. Hingað eru til að mynda fluttir fiskar sem ætlaðir eru í útitjarnir og gætu hæglega þrífist í íslenskri náttúru. Á þetta hefur stofnunin bent og verður vonandi gripið til þeirra aðgerða sem þarf til að sporna við slíku.

Fjárveitingar

Stofnunin er langöflugasti rannsóknaraðili á lífríki ferskvatns. Sé litið til umfangs og verðmæti auðlinda ferskvatns hefur fjárframlag það sem ríkið ver til stofnunarinnar verið mjög lágt. Þetta kemur niður á rannsóknargetu stofnunarinnar sem og getu hennar til þróunarverkefna. Á þessu var þó að nokkru ráðin bót á fjárlögum og fjáráukalögum síðasta árs. Gamall rekstrarhalli stofnunarinnar var greiddur og voru fjárframlög heldur aukin. Þau eru þó enn mjög lág miðað við þann mikla og mikilvæga málaflokk sem hér um ræðir. Miklu skiptir að nýting og verndun fiskstofna og annars lífríkis vatna hér á landi sé áfram í fremstu röð í heiminum. Til þess stendur metnaður Veiðimálastofnunar.

Starf Veiðimálastofnunar

Veiðimálastofnun er lítil stofnun með 4 starfsstöðvar og það fólk sem við stofnunina starfar hefur skilað góðu starfi. Þetta kemur glöggt fram ef litið er á þau verk sem unnin voru á síðasta ári. Þetta góða starf er undirritaður þakklátur fyrir. Ljóst er einnig að betur má gera og margt er óunnið, en til þess þarf tryggari og meiri fjármögnun.

Breytingar á starfsliði

Á árinu létu af störfum Þórunn Elsa Bjarnadóttir gjaldkeri og Stefán Már Stefánsson líffræðingur. Er þeim þökuð góð störf og óskað velfarnaðar. Á árinu hófu störf þau Eyrún Jónsdóttir gjaldkeri og Iris Hansen sem vinnur að sérverkefni í rannsóknum á þörungum. eru þær boðnar velkomnar.

Sigurður Guðjónsson, forstjóri

Fjármál Veiðimálastofnunar 2006

Tekjur*	2006
Sértekjur (styrkir og framlög)	32.328
Seld þjónusta	52.997
Samtals sértekjur	85.325
Fjárveiting	63.300
Aukafjárveiting	60.100
Samtals tekjur	208.725
Samtals gjöld	178.414
Höfuðstóll í árslok	4.384

*Allar tölur eru í þúsundum króna


Veiðin 2006 og veiðihorfur fyrir sumarið 2007

Veiðin 2006

Veiðimálastofnun hefur tekið saman veiðitölur fyrir árið 2006 samkvæmt samstarfssamningi við Landbúnaðarstofnun sem lögformlega ber ábyrgð á að veiði úr ám og vötnum landsins sé skráð og tekin saman.

Endanlegt uppgjör veiðinnar 2006 liggur ekki að fullu fyrir. Fyrir því liggja nokkrar ástæður m.a. vinna við innsöfnun veiðiskýrsla, úrvinnsla þeirra hófst seinna en venja er til og að gengið hefur óvenju seint að fá inn veiðibækur. Þrátt fyrir þetta hefur megnið af veiðinni verið skráð og liggur fyrir. Heildartölur munu því ekki breytast verulega og allar meginlínur eru komnar fram. Endanleg samantekt mun verða sett á heimasíðu Veiðimálastofnunar www.veidimal.is jafnskjótt og þær liggja fyrir.

Eftir metveiði á stöng í ám landsins 2005 þegar 55.168 laxar veiddust varð nokkur samdráttur. Flest bendir til þess að endanleg veiði hafi verið um 45.117 laxar. (1. mynd). Það er um 18,2% minnkun frá fyrra ári en um 26,2% yfir meðalveiði árána 1974-2006. Á heildina litið mega því veiðimenn og veiðiréttarhafar vel við una.




1. mynd. Afli í stangveiði árin 1974-2006 (bláar súlur), ásamt fjölda slepptra laxa (grænar súlur).

Bráðabirgðauppgjör á veiðitölum bendir til þess að um 18,3% laxa hafi verið sleppt aftur úr stangveiði, svo kallað veitt og sleppt. Af smálöxum var hlutfallið 14,4% en 32,5% af stórlöxum. Alls var fjöldi slepptra laxa um 8.261 laxar. Rannsóknir sem fram hafa farið á fjölda þeirra laxa sem eru veiddir og sleppt oftar en einu sinni sýna að hlutfall þeirra sé að meðaltali um 26% en geti verið á bilinu 19-32%. Það hlutfall ætti því að koma til frádráttar til að fá mat á hvað hefði veiðst

ef öllum laxi hefði verið landað. Alls má því áætla að raunverulegur fjöldi slepptra laxa hafi verið nærri því að vera 6.126 laxar. Alls var fjöldi þeirra laxa sem var landað úr stangveiði 36.884 laxar og vógu þeir um 104,3 tonn.

Reynslan er sú að almennt endurspeglar veiðitölur fiskgengd í ár hér á landi en það hefur verið staðfest með samanburði á talningum á laxi með teljurum og veiðitölum. Komið hefur í ljós að algengt er að aflahlutfall laxa í stangveiði hér á landi er 45-50% á smálax og nærri 70% á stórlax. Veiðitölur má því nota til að fá nokkuð gott mat á stærð hrygningarfosters hvers árs. Sé miðað við veiðina má segja að almennt sé ástand stofna nokkuð gott og metveiði varð í nokkrum árum 2006. Má þar nefna Selá í Vopnafirði sem skilaði metveiði annað árið í röð en met voru einnig slegin í Hafralónsá, Breiðdalsá og Fjarðarhornsá. Hafa má í huga að í samanburði við fyrri ár hefur á síðari árum verið byggð upp veiði í nokkrum árum með sleppingum gönguseiða. Mesta uppbygging af þeim toga hefur verið í Eystri-Rangá og Ytri-Rangá en einnig í Skógá, Breiðdalsá og Norðlingafljóti. Alls var veiði í þessum árum sumarið 2006 rúmlega 8.000 laxar.

Dregið hefur úr netaveiði í árum hér á landi á undanförmum árum. Fyrirliggjandi netaveiðitölur ársins 2006 gefa til kynna að netaveiðin hafi verið um 5.897 laxar (2. mynd). Alls vóg afli í net um 17 tonn. Af netveiddum löxum veiddust flestir laxar í stóru jökulánum Þjórsá um 3300, Ölfusá-Hvítá um 2300 en veiði var lítil á öðrum svæðum.




2. mynd. Fjöldi netveiddra laxa á árunum 1974-2006. Uppkaup á netaveiðirétti í sjó við Vesturland og leiga netaveiðiréttar í Hvítá í Borgarfirði hafa dregið úr sókn og afli í net.

Samtals var afli laxa í stangveiði og netaveiði (veitt og landað en ekki sleppt) sumarið 2006 um 42.900 laxar og 121 tonn. Það er um 8.7% undir meðalheildarafla laxa hér á landi á árunum 1974-2005.

Að meðaltali höfðu um 78% af veiddum löxum dvalið eitt ár í sjó (smálax) en um 22% tvö ár í sjó (stórlax). Hlutfall stórlaxa hefur farið jafnt og þétt

minnkandi í íslenskum ám á undanförmum áratugum. Sú þróun sést á samanburði valinna áa sem hafa samfellda skráningu veiði frá árinu 1970 þegar litið er á sama árgang gönguseiða (3. mynd). Ástæður breytinga á aldursröðunum laxa eru ekki þekktar en hún hefur komið fram á svipaðan hátt í öllum landslutum. Meira munar um þessa fækkun í ám norðan- og austanlands þar sem hlutfall tveggja ára laxa er jafnan hæst. Mestar líkur eru taldar á því að hækking dánartölu laxa á öðru ári í sjó sé um að kenna og jafnframt að eins og tveggja ára laxar haldi sig ekki á sömu svæðum í sjó. Ef hlutfallsleg fækkun stórlaxa heldur áfram á sama hraða og nú er verður hann nær horfinn úr íslenskum laxastofnum á næstu 15-20 árum. Fækkun stórlaxa hefur bein áhrif á verðmæti veiði en stórlaxinn gengur jafnan fyrir upp í árnar en smálaxinn. Laxveiði í júní hefur að jafnaði byggst upp á stórlaxi en smálax byrjar almennt ekki að ganga fyrir en um mánaðamótin júní-júlí. Líkur eru því til að nýting og verðmæti veiða fyrri hluta sumars komi til með að minnka. Hér er því um verulegt vandamál að ræða hvort sem litið er til nýtingar eða verndunar eiginleika laxastofna og í raun fara þessir hagsmunir saman. Enn er því rík ástæða til að undirstrika að fara verður með gát við nýtingu stórlaxa og hér með undirstrikað mikilvægi þess að sleppa stórlaxi úr veiði. Jafnframt er mikilvægt að gefa þessum þætti gaum þar sem netaveiði er stunduð. Varnaðarorð þessi eru einnig í anda varúðarreglu sem samþykkt hefur verið af Alþjóða laxaverndunarsamtökunum (NASCO) varðandi nýtingu laxastofna þar sem laxinn skal njóta vafans.



3. mynd. Afli laxa (fjöldi) í þeim ám þar sem skráning hefur verið samfelld frá árinu 1970, skipt í afli á smálaxi (eitt ár í sjó) og stórlaxi (tvö ár í sjó) úr sama árgangi gönguseiða.


Hér á landi hefur verið gengið út frá því að megnið af laxveiði í ám landsins hafi verið skráð í veiðibækur og að óskráður afli hafi verið 2-3%. Þetta er með því

lægsta sem gerist meðal laxveiðipjóða en bann við veiðum á laxi í sjó hér við land hefur gert það að verkum að auðveldara er að fylgjast með veiði og veiðiskráningu. Á árinu 2006 komu niðurstöður úr rannsóknum á meðafla laxa í sjávarveiðum en þar var byggt á skoðanakönnun sem Gallup vann fyrir Landsamband veiðifélaga og Veiðimálastofnun. Niðurstöður þeirrar könnunar benda til þess að meðafla laxa í sjó hér við land sé að meðaltali um 5100 laxar með spönn frá 3100-7000 laxa. Ljóst er því að endurskoða þarf fjölda laxa sem íslenskar ár framleiða og veiddur er annars staðar og ekki færður til bókar. Nærri lætur að þessi fjöldi sé um 10% af aflu laxa hér á landi og óskráður afli því í raun 12-13%. Mikilvægt er að safna betri upplýsingum um uppruna, útbreiðslu og vistfræði þessara laxa.


Skráning á silungsveiði hefur almennt farið batnandi á undanförunum árum og er það að þakka bæði veiðiréttarhöfum og veiðimönnum. Ætlað er að veiðitölur úr silungsveiði endurspegli nokkuð vel stofnbreytingar á síðustu 10 árum.

Í stangveiði voru skráðir 38.290 urriðar og sjóbirtingar, en af þeim var um 7.287 sleppt aftur og því 31.003 urriðum landað og vógu þeir samtals um 34,2 tonn. Veiði á urriða og sjóbirtingi hefur verið nokkuð stöðug undanfarnin ár en á árinu 2006 kom fram um 22% fækkun í urriðaveiði (4. mynd).

Af bleikju veiddust um 21.525 á stöng. Af þeim var 477 sleppt aftur og landaður afli því 21.048 bleikjur sem vógu 14,9 tonn. Í heild hefur bleikjuveiðin dalað á undanförunum árum og var um 22% samdrátt í bleikjuveiði að ræða frá 2006 (5. mynd).



4. mynd. Skráð stangveiði á urriða á Íslandi, bæði staðbundnum og sjógengnum, á árunum 1987-2006.



5. mynd. Skráð stangveiði á bleikju á Íslandi, bæði staðbundinni og sjógenginni, á árunum 1987-2006.

Veiðihorfur 2007

Hér á landi hafa ekki verið þróuð traust spálíkön til að byggja á spá fyrir komandi veiðitímabil. Fyrir því liggja ýmsar orsakir en skortur á þekkingu á framleiðslu áa og mikil áhrif umhverfisþátta einkum í sjó eru megin þættir. Því er byggt á mati á ástandi og tilfinningu í ljósi fyrri reynslu og rannsókna í þeirri viðleitni að komast að því hvert stefnir í laxveiðinni.

Metveiði var í ám hér á landi 2005 en um 18% samdráttur varð í veiði frá því ári til veiðinnar sumarið 2006. Sveiflur hafa ávallt verið í veiði á laxi og fylgjast nokkur góð ár og nokkur slæm að þar til viðsnúningur verður. Í ljósi þess má búast við að veiðin sumarið 2007 verði í heild nokkru minni en hún var á síðasta ári. Taka þarf fram að veiðin var engu að síður talsvert yfir meðalveiði og veiðiárnar því almennt í nokkuð góðu lagi. Á undangengnum árum hafa sveiflur í veiði jafnan fylgst að milli áa a.m.k innan sama landshluta. Á síðustu árum hefur brugðið svo við að nokkrar veiðiár hafa verið að skera sig úr á þann hátt að þær hafa ekki náð að fylgja öðrum ám að þegar veiði hefur aukist. Þetta á einkum við um nokkrar af frjósamari ám landsins sem oftar en ekki koma úr stöðuvötnum. Eigendur þeirra þurfa að gefa þeim nánari gaum og tryggja að ekki sé veitt umfram þann fjölda fiska sem árnar þurfa til viðhalds og hrygningar. Það er einn af þeim fáu þáttum sem í mannlegu valdi stendur til að hafa áhrif á í lífsferli laxins.

Á þeim tíma sem frjósamar ár hafa verið að gefa eftir í veiði standa nokkrar ár á norður og austurlandi upp úr hvað veiði varðar sem vekur athygli. Þær eiga það sameiginlegt að hlutfall slepptra laxa í þeim hefur verið hátt á undanförunum árum. Veiði síðustu ár hefur að mestu byggst á smálaxi en stórlaxi heldur enn áfram að fækka. Tengsl eru á milli fjölda smálaxa og stórlaxa

árið á eftir í íslenskum ám sem þó er annað en áður var. Fjöldi stórlaxa er orðinn lítill svo minna munar um hann í veiðitölum en áður var. Í kjölfar góðrar veiði á smálaxi á undanförunum árum hefur fjöldi stórlaxa heldur aukist þótt sú aukning sé ekki hlutfallsleg. Um þessa stórlaxa mun muna í veiði á komandi sumri. Almennt gengur stórlaxinn fyrr en smálaxinn. Stórlaxinn fer jafnan að ganga í árnar í júní en smálaxinn ekki fyrr en kemur fram í byrjun júlí sem er aðalveiðimánuðurinn. Fækkun á stórlöxum hefur áhrif á veiði framan af veiðitíma og líkur eru til að svo verði áfram. Vegna þeirrar langtímaþróunar sem orðið hefur í fækkun stórlaxa eru veiðimenn enn hvattir til að hlífa honum. Er bæði talið rétt að sýna varfærni í nýtingu þegar slík minnkun kemur fram til verndunar erfiðapátta og einnig er meirihluti stórlaxanna hrygnur sem leggja til mun fleiri hrogn en hrygnur smálaxa og því mikilvægar til viðhalds stofna.

Vísbendingar hafa komið fram um að gönguseiði hafi verið að ganga yngri úr ám hér á landi á undanförunum árum. Það gæti tengst lengri vaxtartíma yfir sumarið samfara hagstæðu tíðarfari í ánum. Þeir árgangar sem gengu út vorið 2006 voru í tæpu meðallagi í mörgum ám en ekki voru nein merki um að sjálf útganga seiða vorið 2006 hafi verið frábrugðin því sem eðlilegt er. Hafa verður í huga að mælingar á fjölda gönguseiða og sjögöngu þeirra er eingöngu gerðar í tveimur ám hér á landi og hafa því takmarkað vægi til að meta horfur í veiði. Endurheimta á seiðum úr sjó hefur verið með betra móti síðustu ár sem skýrir aukningu í laxgengd. Vaxtarskilyrði laxins í hafi hafa því væntanlega verið með hagstæðara móti a.m.k á þeim hafsvæðum sem smálaxinn heldur sig. Þegar á heildina er litið má búast við því að laxaveiði á komandi sumri verði eitthvað minni en hún var 2006.

Mörgum er í fersku minni þau flóð sem urðu síðasta vetur. Bein áhrif þeirra á seiðabúskap eru ekki þekkt en almennt eru flóð hluti að því umhverfi sem laxfiskar hafa aðlagast. Hvað varðar laxveiðina á komandi sumri þarf ekki að hafa áhyggjur því þar sem sá lax sem gengur til hrygningar á komandi sumri var í sjó þegar flóðin urðu. Það verður aftur á móti eitt af verkefnum þess árs að gera mælingar á seiðabúskap á til að sjá hvort flóðin hafi haft áhrif á þá árganga seiða sem í ánum eru.

Urriða og sjóbirtingsveiði hefur farið vaxandi í mörgum ám á undanförunum árum en talsverð minnkun kom fram í veiði 2006. Ekki er vitað hvort sú þróun heldur áfram. Ef frá eru taldar bleikjuveiðar í vötnum

hefur orðið samdráttur í bleikjuveiði á undanförunum 5 árum og hefur fækkun bleikju orðið umtalsverð á sumum svæðum. Rétt er að benda veiðiréttarhöfum á að gæta þess að ekki verði gengið á stofna bleikju umfram það sem stofnarnir þurfa til viðhalds. Líklegt er að bleikjuveiði haldist áfram með minna móti í ám á komandi sumri.

Um leið og veiðimönnum er óskað ánægjulegs veiðisumars, sumarið 2007, er minnt á mikilvægi góðrar veiðiskráningar og að með góðri skráningu afla leggja veiðimenn sitt af mörkum til öflunar á þekkingu um ástand stofna og nýtingu þeirra.

Flutningur Veiðimálastofnunar á Keldnaholt

Þann 26. maí 2006 flutti Veiðimálastofnun í Reykjavík starfsemi sína frá Vagnhöfða 7, þar sem stofnunin hafði verið til húsa síðustu 13 ár, í húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands að Keldnaholti. Á Keldnaholti er Reykjavíkurstetur skólans og leigir Veiðimálastofnun þar húsnæði af skólanum. Tekið var vel á móti Veiðimálastofnun á Keldnaholti en stofnanir þessar hafa átt gott samstarf á umliðnum árum og rekur Veiðimálastofnun til að mynda starfsstöð á Hvanneyri og hefur séð um kennslu í veiðinýtingu við skólann.



Húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands á Keldnaholti þar sem Veiðimálastofnun er nú til húsa. (Ljós. Guðni Guðbergsson).

Eins og gefur að skilja fylgir svona flutningi alltaf tímabundin röskun á starfsemi og óþægindi en við flutninginn fékkst hins vegar að mörgu leyti betri aðstaða en áður var, sérstaklega rannsóknaraðstaða fyrir stofnunina. Auk þess sem starfsfólk

stofnunarinnar er nú komið í sambýli við vísindafólk sem er að fást við sambærilega vinnu.



Svona leit nú gangur Veidimálastofnunar út mánudaginn eftir flutning. (Ljós. Guðni Guðbergsson).



Ekki var nú rannsóknaraðstaðan alveg tilbúin þegar Veidimálastofnun flutti inn og mátti starfsfólkið því taka prufurnar inni á kontór til að byrja með. (Ljós. Guðni Guðbergsson).



Forstjóri Veidimálastofnunar Sigurður Guðjónsson að koma sér fyrir. (Ljós. Guðni Guðbergsson).

Uppbygging á rannsóknaraðstöðu Veidimálastofnunar

Síðastliðin ár hefur verið gert átak í endurnýjun og uppbyggingu á rannsóknaraðstöðu á Veidimálastofnun. Tækjasjóður RANNÍS hefur styrkt þessa uppbyggingu (2005 og 2006) og hefur styrkt helming alls kostnaðar. Heildarkostnaður við uppbygginguna sl. tvö ár nemur tæpum 10 milljónum kr.



Rannsóknastofa Veidimálastofnunar á Keldnaholti. (Ljós. Jón S. Ólafsson).

Flutningur Veidimálastofnunar á Keldnaholt stórlega bætti aðstöðu til rannsóknarvinnu, bæði hvað varðar rými og geymslupláss. Rannsóknastofan er nú útbúin fullkomnum smásjám og víðsjám frá Leica, hvoru tveggja er hægt að tengja stafrænni myndavél sem er einnig frá Leica. Auk þess er fullkomnari smásjám með útbúnað fyrir flúorljómun. Segja má að rannsóknastofan sé nú búin öllum nauðsynlegum

tækjum til að sinna rannsóknaverkefnum á sviði vatnalíffræði en auk smásjáa hafa bæst við önnur tæki s.s. greiningarvog, þurrskápur, brennsluofn, eimingartæki og litrófsmælir. Þá hafa einnig bæst við tæki til rannsókna úti við s.s. fjölnemamælar til mælinga á blaðgrænu, gruggi, sýrustigi, rafleiðni og súrefni í vatni. Ýmis tæki til botnsýnatöku, nemar til að mæla botnskrið í ám og tækjabúnaður til að fylgjast með fari fiska. Með þessum tækjabúnaði hefur ekki aðeins öll aðstaða til að stunda rannsóknir á vatnalífi margfaldast á Veidimálastofnun, heldur býr nú stofnunin yfir aðstöðu til að taka að sér rannsóknarverkefni á mun víðara sviði en áður.



Unnið við rannsóknir á vatnalífi Lagarfljóts, Elliðaánna og jarðhitasvæða í Hengladölum á rannsóknastofu Veidimálastofnunar. (Ljós. Jón S. Ólafsson).



Smásjárvinna og hreisturlestur fer fram í smásjárherbergi, sem er inn af rannsóknastofunni. (Ljós. Jón S. Ólafsson).

Nýbúar í ferskvatni á Íslandi

Sæsteinsuga (*Petromyzon marinus*)

Á síðastliðnu sumri varð talsvert vart við sár á sjóbirtingum í afla veiðimanna úr ám í Vestur-Skaftafellssýslu. Fiskarnir voru yfirleitt með eitt eða tvö, djúp hringlaga sár á kviði milli eyrugga og kviðugga, en einnig fundust sár framarlega á baki. Hlutfall særðra fiska í afla veiðimanna var allt að 80 %. Sjúkdóma- og vefjarannsókn á Rannsóknadeild fisksjúkdóma að Keldum gaf ekki til kynna að fiskarnir væru sýktir. Fljótlega varð sú tilgáta sett fram að um væri að ræða fôr eftir sæsteinsugu (*Petromyzon marinus*). Aflað var álits hjá erlendum sérfræðingi í Bandaríkjunum, sem sérhæfir sig í rannsóknum á sæsteinsugu, skoðaði hann myndir af sárum og var hann sammála framsettri tilgátu. Einna mest kvað að særðum fiskum á vatnasvæði Kúðafljóts en steinsugasár greindust einnig á sjóbirtingum úr Skaftá, Grenlæk, Geirlandsá og Eldvatni. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að viðlíka sár höfðu sést á sjóbirtingum í Kúðafljóti, Tungufljóti og Eldvatni allt frá árinu 2004. Veiðimenn við Kúðafljót sögðu að tíðni sára hefði farið vaxandi ár frá ári. Fregnir bárust af sárum á fiskum úr fleiri ám víðar á landinu en ekki varð staðfest að um steinsugasár væri að ræða. Ekki voru staðfest steinsugasár á öðrum fiski en sjóbirtingi, en þó er ekki ólíklegt að þau kunni einnig að finnast á laxi. Sár af völdum Sæsteinsugu hafa ekki áður verið greind á laxfiskum hér við land.



Særður sjóbirtingur úr Geirlandsá. (Ljós. Arnar Óskarsson).

Steinsugur eru frumstæðir fiskar af flokki hringmunna. Í stað kjálka hafa fullorðnar steinsugur hringlaga, tenntan sogmunn sem þær nota til að festa sig á fiska. Þær lifa á holdi og líkamsvessum hýsilsins og hrygna í fersku vatni. Lirfa steinsugunnar þrífst eingöngu í fersku vatni og er lírfustigið langt, oft 3 – 8

ár. Að loknu lírfustigi verður myndbreyting og einstaklingar taka á sig mynd foreldranna. Þá ganga smávaxnar steinsugurnar til sjávar og hefja sníkjulífi á ýmsum tegundum fiska. Hún dvelur í eitt til tvö ár í sjó og verður um og yfir 1 m við kynþroska. Þegar kynþroska er náð ganga þær aftur upp í ferskvatnið, að vori eða snemmsumars, og hrygna á líkum stöðum og laxfiskar. Í Vestur-Evrópu finnast þrjár tegundir þeirra, fiskisuga (*Lampetra fluviatilis*), vatnasuga (*Lampetra planeri*) og sæsteinsuga (*Petromyzon marinus*). Fiskisuga og vatnasuga hafa aldrei fundist hér við land, en heimildir segja að sæsteinsuga hafi fundist af og til við sunnan og vestanvert landið og er hennar fyrst getið á 19. öld. Vitað er að sæsteinsuga getur valdið dauða hýsils síns og getur hún einnig valdið miklum usla í stofnum laxfiska.



Sár eftir sæsteinsugu á sjóbirtingi úr Kúðafljóti. (Ljós. Magnús Jóhannsson).

Í bígerð er að setja á fót rannsóknarverkefni á Veidimálastofnun, fáist til þess fjármagn, þar sem markmiðið væri að fá frekari staðfestingu á að steinsuga sé völd að sárum á sjóbirtingi og einnig að kanna hvort sæsteinsuga hafi numið land í íslenskum ám eða hvort hana sé hér eingöngu að finna í sjó. Rannsóknirnar myndu fara fram á suðaustanverðu landinu þar sem sára eftir steinsugu hefur orðið vart. Megináhersla yrði lögð á vatnasvæði Kúðafljóts og Skaftár. Reynt yrði að finna fullvaxnar sæsteinsugur þar sem saltvatns gætir auk þess sem leitað væri að steinsugulirfum með rafveiðum. Veidimenn geta aðstoðað við slíka rannsókn með því að tilkynna til stofnunarinnar ef sára, eins og hér hefur verið lýst, verður vart í veiðinni. Mikilvægt er að taka myndir af særðum fiskum og senda til Veidimálastofnunar ásamt lengd og þyngd hins særða fisks.

Flundra (*Platichthys flesus*)

Flundra (*Platichthys flesus*) er flatfiskur af kolaætt. Áður þekkt heimkynni flundru eru með ströndum Evrópu frá Marokkó til Færeyja og allt norður á Kólaskaga. Flundra getur náð allt að 60 cm lengd en er sjaldan lengri en 30 cm. Hún lifir í sjó við botn frá fjöruborði niður á um 100 m dýpi, sækir í ísalt og ferskt vatn og getur gengið upp í ár og læki. Flundra er nytjafiskur erlendis. Sem dæmi veiddu Danir 4.526 tonn af flundru árið 2004. Flundra líkist skarkola (*Pleuronectes platessa*) og sandkola (*Limanda limanda*) í útliti. Hún þekktist þó frá þessum tegundum á því að meðfram bak- og raufarugga og rákinni eru smá beinkörtur.

Flundra er nýr landnemi á Íslandi. Bjarni Sæmundsson (1926) nefnir tegundina flundru í sínu riti um íslenska fiska og segir eldri höfunda telja hana með íslenskum fiskum, en segir hana ekki hafa fundist hér, “hvorki vaxin né seiði”. Fyrsta flundran sem greind var hér á landi veiddist í Ölfusárósi í september 1999 (Gunnar Jónsson ofl. 2001). Þá höfðu bændur á Hrauni í Ölfusi veitt allnokkra “kola” í net fyrr um sumarið. Í september sama ár veiddust þrjár slíkir fiskar á stöng í Varmá í Ölfusi. Síðan hefur flundra veiðst mun víðar, bæði í sjó og í árósum, einkum á suður- og vesturlandi og virðist hún hafa náð hér fótfestu. Flundra hefur veiðst allt frá sunnanverðum Austfjörðum og suður um til Norðurfjarðar á Ströndum (Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Bjarni Jónsson 2004, Guðmundur Ingi Guðbrandsson ofl. 2005). Ekki er þekkt hvernig flundra barst hingað en vitað er að hún hefur borist til Ameríku með ballestvatni í skipi þótt hún hafi ekki náð þar fótfestu (Welcomme 1988). Hrogn og smáseiði flundrunnar eru sviflæg og miðað við útbreiðslusvæði hennar er sennilegast að hún hafi borist hingað frá Evrópu, hugsanlega frá Færeyjum. Hugsanlega er landnám flundru tengt hlýnandi veðurfari. Flundra hefur lítið verið rannsökuð hér á landi til þessa utan rannsókna á útbreiðslu tegundarinnar (Gunnar Jónsson ofl. 2001), búsvæðavali (Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Bjarni Jónsson 2004) og fæðu (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2007). Lítið er því vitað um lífshætti hennar hér á landi eða samkeppni hennar við aðrar fisktegundir. Erlendis er þekkt að hún nýti sér ísalt og ferskvatn að sumarlagi (Muus og Preben 1978, Cooper, J.A. og Chateau 1998). Flundru hefur mikið orðið vart í veiði í ósum og sjávarlónum á Suðurlandi, s.s. Dyrhólaósi, Holtsósi og

Ölfusárósi. Rannsóknir hérlendis hafa sýnt að ósar og ísölt lón eru mjög mikilvæg búsvæði fyrir bleikju og urriða (Lárus Þór Kristjánsson og Magnús Jóhannsson 1990, Jóhannes Sturlaugsson ofl. 1992, Ingi Rúnar Jónsson 1994). Á ósasvæðum kann flundran að vera í samkeppni við laxfiska, ál og hornsíli.



Flundra úr Ölfusárósi. (Ljós. Magnús Jóhannsson).

Þörf er á mun víðtækari rannsóknum til að afla meiri vitneskju um lifnaðarhætti flundru á ósasvæðum íslenskra áa þannig að hægt sé að átta sig á hver áhrif tilkoma flundru í íslenskt vistkerfi eru.

Cooper, J.A. and F. Chapleau, 1998 Monophyly and intrarelationships of the family Pleuronectidae (Pleuronectiformes), with a revised classification. *Fish. Bull.* 96(4):686-726.

Bjarni Sæmundsson, 1926. *Fiskarnir (Pisces Islandiæ)*. Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík: 583 bls.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Bjarni Jónsson, 2004. Landnám, útbreiðsla og búsvæðaval nýrrar tegundar við Íslandsstrendur, ósalúru (*Platichthys flesus*). *Veggspjald á afmælisráðstefnu Líffræðifélags Íslands og Líffræðistofnunar HÍ*, Reykjavík 19.-20. nóvember 2004.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason, 2005. Áhrif brúa- og ræsagerðar á ferðir ferskvatnsfiska og búsvæða þeirra. *Veidimálastofnun, VMST-N/0503: 101 bls.*

Gunnar Jónsson, Jónbjörn Pálsson og Magnús Jóhannsson, 2001. Ný fisktegund, flundra, *Platichthys flesus* (Linnaeus, 1758), veiddist á Íslandsmiðum. *Náttúrufræðingurinn*, 70 (2-3): 83-89.

Ingi Rúnar Jónsson. 1994. *The life-history of the anadromous Arctic char, Salvelinus alpinus (L.), in River Vesturdalsa and Lagoon Nypslon NE-Iceland. Cand. scient. ritgerð við háskólann í Bergen: 96 bls.*

Jóhannes Sturlaugsson, Sigurður M. Einarsson og Vigfús Jóhannsson, 1992. *Fæða sjöbleikju í Langárósi. Veidimálastofnun, VMST-R/92021: 44 bls.*

Lárus Þór Kristjánsson og Magnús Jóhannsson, 1990. *Fæða bleikju og urriða í Dyrhólaósi sumarið 1989. Áfangaskýrsla til Rannsóknarráðs ríkisins, VMST-R/90008: 24 bls.*

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2007. *Flundra nýr landnemi á Íslandi. Rannsóknir á flundru (Platichthys flesus) í Hlíðarvatni í Selvogi. Fræðaging landbúnaðarins 2007, 4. árgangur: 466-469.*

Muus B.J. og Preben, D. 1978. *Europas ferskvannsfisk. Gyldendal Norsk forlag: 224 bls.*

Welcomme, R.L., 1988. *International introductions of inland aquatic species.. FAO Fish. Tech. Pap. 294: 318 bls.*

Vatnaflóki (*Didymosphenia geminata*)

Tilvist kísilþörungursins vatnaflóka (*Didymosphenia geminata*) var fyrst staðfest hér á landi árið 1994, en þá varð vart við mikinn og óvenjulegan þörungavöxt í Hvítá í Borgarfirði. Vatnaflóki vex hratt og breiðir því úr sér á skömmum tíma. Þessi tegund kísilþörungurs er talin algeng í ám í fjallahéruðum í Evrópu, Asíu og Ameríku. Í Alpafjöllunum finnst þörungurinn í næringarsnauðu vatni, í Svíþjóð og Noregi er hann talinn algengur, en hann er einnig að finna í Færeyjum og á Bretlandseyjum.

Rannsóknir á útbreiðslu vatnaflóka í ám í Borgarfirði eftir að hann varð fyrst vart þar sýndu að hann breiddist hratt út. Auk Borgarfjarðarsvæðisins fannst vatnaflóki haustið 1994 í Elliðaánum. Árið 1995 fannst hann í Úlfarsá og Ytri-Rangá. Árið 1996 bættust við Laxá í Leirársveit, Miðfjarðará og Fljótaá í hóp fundarstaða. Á þessu tímabili fór ekki fram nein skipulögð leit að þörungnum í íslenskum ám, né kortlagning á útbreiðslu hans. Í yfirlitsrannsókn sem gerð var 1997 kom í ljós að útbreiðsla þörungursins virtist fyrst og fremst vera bundin við Vesturland, Suðurland og vestanvert Norðurland (Jónsson o.fl. 2000).

Um svipað leyti og þörungursins varð fyrst vart hér á landi, sýndi hann sambærilegt vaxtarmynstur í ám í Kanada og síðar í Bandaríkjunum (Spaulding and Elwell 2007). Fyrir um tveimur árum kom fram mikill vöxtur vatnaflóka í ám á Nýja Sjálandi, en fram til þessa hafði tegundin verið óþekkt á suðurhveli jarðar. Þörungurinn veldur miklum áhyggjum á Nýja Sjálandi og fara þar fram miklar rannsóknir á honum s.s. hvernig hefta megi útbreiðslu hans (Larned o.fl. 2006; www.biosecurity.govt.nz). Ekki hafa fundist skýringar á því hvers vegna vaxtarmynstur hans hefur breyst með þessum hætti. Erlendar rannsóknir benda til þess að magn og fjölbreytileiki hryggleysingja aukist þar sem vatnaflóki er í miklu magni. Einnig veldur það áhyggjum hvort mikið magn þörungursins geti haft áhrif

á fisk (Larned o.fl. 2006). Rannsóknir á áhrifum þörungsins á gróður og dýralíf í ám hér á landi hafa ekki verið gerðar.

*Jonsson, G.S., I. R. Jonsson, M. Björnsson and S. M. Einarsson 2000. Using regionalization in mapping the distribution of the diatom species *Didymosphenia geminata* (Lyngb.) M. Smith in Icelandic rivers. Verh. Internat. Verein. Limnol. 27:340-343.*

*Larned, S., Biggs, B., Blair, N., Burns, C., Jarvie, B., Jellyman, D., Jellyman, P., Kilroy, C., Leathwick, J., Lister, K., Nagels, J., Schallenberg, M., Sutherland, S., Sykes, J., Thompson, W., Vopel, K., and Wilcock, B. 2006. Ecology of *Didymosphenia geminata* in New Zealand: habitat and ecosystem effects – Phase 2. NIWA Client Report CHC2006-086, NIWA Project MAF06507.*

*Spaulding, S. A. and L. Elwell. 2007. Increase in nuisance blooms and geographic expansion of the freshwater diatom *Didymosphenia geminata*: Recommendations for response. White paper. 33 bls.*

Námsverkefni

Unnið var að nokkrum námsverkefnum á árinu 2006 og komu starfsmenn stofnunarinnar að þeim verkefnum með því að leiðbeina og aðstoða með ýmsum hætti. Verkefnin eru af ýmsum toga og eru misjafnlega langt á veg komin. Nokkrum námsverkefnum lauk árið 2006 en önnur munu standa í nokkur ár til viðbótar. Námsverkefnin eru samstarfsverkefni milli Veiðimála-stofnunar og háskóla hér heima og erlendis. Námsverkefni hafa verið vaxandi liður hjá stofnuninni og efla tengsl hennar við menntastofnanir og atvinnulíf. Eftirtaldir námsmenn unnu að námsverkefnum á stofnuninni árið 2006.

Elísabet Ragna Hannesdóttir vinnur að doktorsverkefni við Háskóla Íslands. Verkefnið ber heitið: Áhrif hita og næringarefnaauðgunar á lífsferla hryggleysingja í straumvötnum. Markmið rannsóknarinnar er að kanna áhrif næringarefna-auðgunar og hita á lífsferla hryggleysingja í straumvatni. En nýlegar spár gera ráð fyrir að á næstu öld megi búast við hlýnun loftslags um 2-4 °C. Afleiðing þess verður m.a. aukning í ákomu næringarefna í ferskvatnsvistkerfi. Lífsferlar hryggleysingja eru háðir þeim skilyrðum sem hver tegund er aðlöguð að og lifir við og eru því m.a. háðir breytingum á hita. Nokkrir þættir hafa áhrif á lengd lífsferlanna; fæða, hiti, ljóslota, styrkur súrefnis í vatninu og fleiri þættir. Skordýr hafa mismunandi þol

fyrir mengun og því eru viðbrögð þeirra við næringarefnaauðgun misjöfn.

Rannsóknarsvæðið er í vestanverðum Henglinum sem er háhitasvæði með heitum og köldum lækjum sem sameinast í Hengladalsá. Tilraunir ná til átta lækja, fjögurra heitra (15-20 °C) og fimm kaldra (5-10 °C). Rennsli, botngerð og efnasamsetning lækjarvatnsins er svipað í öllum lækjunum. Næringarefnum (nitur og fosfór) verður bætt út í lækina, þannig að styrkur þeirra aukist talsvert í nokkurn tíma. Botnsýni verða tekin fyrir ofan (viðmiðunarsvæðið) og neðan (tilraunarsvæði). Sýnatakan fer fram mánaðarlega yfir sumartímam, þegar hryggleysingjarnir eru í vaxtarfasa, en annan hvern mánuð yfir vetrartímam. Vatnssýni verða tekin til að mæla styrk næringarefna í vatninu.



Elísabet við sýnatöku í einum af heitu lækjum í Hengladölum. Ljósm. (Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir).

Verkefnið hófst sumarið 2005 og sýna niðurstöður að munur er á samfélögum hryggleysingja í heitu og köldu lækjunum. Vatnamaurar og vatnabobbar voru ríkjandi hópar hryggleysingja í heitu lækjunum. Ánar voru einnig algengir í heitu lækjunum. Bitmýslirfur voru algengustu tvívængjulirfurnar í heitu lækjunum. Skelkrebbar voru ríkjandi hópur í köldu lækjunum. Rykmýslirfur voru algengustu tvívængjulirfurnar í köldu lækjunum. Forsenda fyrir því að hægt sé að bera

saman lífsferla ákveðinna lífvera í heitum og köldum lækjum er tilvist þeirra í hvoru tveggja. Engin skörun er á vatnabobba sem einungis er að finna í heitum lækjum, sömuleiðis á skelkrebbsi sem er einungis að finna í köldum lækjum. Rykmýslirfur (ógreindar) finnast í báðum gerðum en greining á eftir að leiða í ljós hvort um sömu tegund er að ræða.

Rannsókn þessi er hluti af Euro-limpacs, Evrópu samstarfsverkefni sem stefnir að því að meta áhrif loftslagshlýnunar á ferskvatnsvistkerfi í Evrópu (www.eurolimpacs.ucl.ac.uk/).

Leiðbeinendur Elísabetu í verkefninu eru Gísli Már Gíslason Líffræðistofnun Háskólans og Jón S. Ólafsson Veiðimálastofnun.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson vann að meistara-verkefni við Yale háskóla í Bandaríkjunum. Verkefnið bar heitið: Impacts of Road Crossing Types on Fish Passage and Habitat. Leiðbeinendur verkefnisins voru David Skelly Yale háskóla og Bjarni Jónsson Veiðimálastofnun. Verkefninu lauk árið 2006.

Jorge H. Fernandez Toledano vann að meistara-verkefni við Háskóla Íslands. Verkefnið bar heitið: Samspil umhverfisþátta sjávar og laxgengdar í ám á Vesturlandi. Leiðbeinendur hans í verkefninu voru Sigurður Guðjónsson Veiðimálastofnun, Sigurður Snorrason Háskóla Íslands og Gunnar Stefánsson Hafrannsóknastofnun og Háskóla Íslands. Verkefninu lauk árið 2006.

